



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Loftslagsmál og kynjaáhrif þeirra

Áfangaskýrsla II

Áfangaskýrsla II fyrir meginmálaflokk umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð (KHF). Verkefnið verður unnið á þremur árum. Áfangaskýrsla I var kynnt í fjárlagafrumvarpi ársins 2013. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framvindu annars áfanga verkefnisins og gerð verður grein fyrir helstu niðurstöðum í fjárlagafrumvarpi ársins 2014. Lokaskýrsla verður tilbúin árið 2014.

Samantekt

Málaflokkur umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð er loftslagsmál. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum hefur verið kynjagreind og niðurstöður voru settar fram í 1. áfangaskýrslu verkefnisins. Kynning niðurstaðna hefur farið fram víða innan stjórnkerfisins til að auka meðvitund um samhengi loftslagsmála og kynjasjónarmiða. Jafn-réttismarkmið verkefnisins gera ráð fyrir að aðgerðir í loftslagsmálum stuðli að jöfnum áhrifum karla og kvenna þannig að bæði kynin komi að ákvarðanatöku og stefnumótun í loftslagsmálum; stuðli að því að konur og karlar geti lagt jafnt að mörkum til að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar; stuðli að efnahagslegu jafnræði karla og kvenna t.d. þannig að atvinnuskapandi aðgerðir beinist að báðum kynjum; og stuðli að jöfnum tækifærum kvenna og karla til heilsu þannig að loftslagsbreytingar og aðgerðir gegn þeim komi ekki meira niður á heilsu annars kynsins. Til þess að jafnréttismarkmiðin náist þarf að setja markmið til þess að fjölga konum sem taka þátt í stefnumótun loftslagsmála og að sjá til þess að huga sérstaklega að atvinnutækifærum kvenna.

Um verkefnið

| Verkefni/meginmálaflokkur | Loftslagsmál | Dags | 15. júní 2013 |
|--|--|------|---------------|
| Ábyrgðaraðili í umboði ráðuneytisstjóra | Hrafnhildur Á. Þorvaldsdóttir | | |
| Teymi | Björgvin Valdimarsson, Inga Birna Einarsdóttir og Sigríður Svana Helgadóttir, með aðkomu Herdísar Helgu Schopka og Sigurbjargar Sæmundsdóttur. | | |
| Eigandi og stýrihópur | Ráðuneytisstjóri, Hrafnhildur Á. Þorvaldsdóttir og Hugi Ólafsson | | |
| Lýsing verkefnis | <p>Framkvæmd hefur verið kynjagreining á „Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum“. Niðurstöður kynjagreiningarinnar voru kynntar í 1. áfangaskýrslu verkefnisins. Sett hafa verið fram heildar jafnréttismarkmið ásamt jafnréttismarkmiðum fyrir einstaka lykilaðgerð í loftslagsmálum. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur forræði yfir þremur af tíu lykilaðgerðum í loftslagsmálum og vinnur ráðuneytið áfram með þær.</p> | | |
| Markmið verkefnis | <p>Heildarmarkmið verkefnisins er að samþætta kynjasjónarmið í stefnumótun, ákvarðanatöku og aðgerðum í loftslagsmálum. Því er hægt að ná fram með kynningu á niðurstöðum 1. áfangaskýrslu sem víðast, m.a. hjá starfsfólki ráðuneytisins og hjá samstarfshópi um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Sá hópur er skipaður fulltrúum þeirra ráðuneyta sem hafa forræði yfir lykilaðgerðunum tíu. Markmiðið er þannig að auka meðvitund um kynjasjónarmið í loftslagsmálum hjá sem flestum sem starfa á þeim vettvangi.</p> <p>Þar að auki er markmið verkefnisins að gæta kynjasjónarmiða þegar Loftslagssjóður, skv. lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál, verður settur á laggirnar og úthlutun úr sjóðnum hefst. Hlutverk sjóðsins er að styðja við verkefni er stuðlað geta að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga og aukinni þekkingu á loftslagsbreytingum af mannavöldum, afleiðingum þeirra og mögulegum aðgerðum til að sporna við þeim l</p> | | |
| Jafnréttismarkmið verkefnis | <p>Að aðgerðir í loftslagsmálum stuðli að:</p> <ul style="list-style-type: none"> - því að bæði kynin komi að ákvarðanatöku og stefnumótun í loftslagsmálum - því að konur og karlar geti lagt jafnt að mörkum til að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar - efnahagslegu jafnræði karla og kvenna t.d. þannig að atvinnuskapandi aðgerðir beinist að báðum kynjum - jöfnum tækifærum kvenna og karla til heilsu þannig að loftslagsbreytingar og aðgerðir gegn þeim komi ekki meira niður á heilsu annars kynsins. | | |

Staða verkefnis

| <h3 style="text-align: center;">Heildarstaða verkefnis</h3> <div style="display: flex; justify-content: center; gap: 20px;"> Græn <input checked="" type="checkbox"/> Gul <input type="checkbox"/> Rauð <input type="checkbox"/> </div> | | | | | | |
|--|---|---|--|----------------------|------------|---|
| | Græn Á áætlun | Gul Þarfnast aðgerða | Rauð Kritískt | Útskýring á frávikum | | |
| Tímaáætlun | <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | | | |
| Fjárhagsáætlun | <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | | | |
| Umfang | <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | | | |
| Aðgerð: m.v. þá áfanga sem eru í verkáætlun og áttu að hefjast á þessu tímabili | | Staða | Lokið | Áætluð lok | Lokið dags | Athugasemdir/áhættuþættir |
| 1 | Kynning á niðurstöðum 1. áfangaskýrslu f. Samstarfshóp um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum | <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | Já | | 18.09.12 | Samstarfshópurinn sér um umsjón og framkvæmd „Aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum“ |
| 2 | Kynning á niðurstöðum f. Samráðshóp um loftslagsmál og kynjasjónarmið, UAR, UTN, ÞSSÍ, GEST Programme | <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | já | | 24.09.12 | |
| 3 | Setja jafnréttismarkmið f. þær aðgerðir sem upp á vantaði, samtals 4 aðgerðir | <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | já | | 1.10.12 | |
| 4 | Greina frá niðurstöðum 1. áfangaskýrslu á heimasíðu UAR | <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | já | | 10.10.12 | Greint var frá niðurstöðum í nokkrum net- og ljósvaka-fjölmiðlum. Eykur meðvitund almennings um loftslagsmál og kynjaáhrif þeirra |
| 5 | Hvatning til skógræktarverkefna að halda | <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | Já | | 30.10.12 | Tölvupóstur sendur til framkv.stj. þeirra verkefna |

| | | | | | | |
|---|--|---|-----|----------|----------|--|
| | kynjabókhald | | | | | sem ekki héldu slíkt bókhald, samtals 3 landshlutaverkefni |
| 6 | Kynning á niðurstöðum 1. áfangaskýslu hjá starfsfólki UAR (fræðslufundur) | <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | já | | 06.12.12 | |
| 7 | Kynning á niðurstöðum 1. áfangaskýrslu á fundi m. jafnréttisfulltrúa stjórnarráðsins | <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | já | | 07.2.13 | |
| 8 | Gera greiningu á kostnaðarliðum/ úthlutun fjármuna til skógræktar og landgræðslu | <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | nei | 15.06.13 | | |
| 9 | Skil á 2. áfangaskýrslu í KHF | <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> | | 15.06.13 | | |

Staða: **Græn** = á áætlun, **Gul** = þarfnast aðgerða, **Rauð** = kritísk, þarf að láta yfirstjórn vita

Eru einhverjar aðgerðir sem þarf að grípa til söku áhættuþátta eða framvindu á þessum tímapunkti? Nei

Greining og niðurstöður

Verkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytis í kynjaðri fjárlagagerð er áætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum frá október 2012. Í aðgerðaáætluninni eru skilgreindar 10 aðgerðir og þrjár þeirra eru á forræði ráðuneytisins. Í fyrstu áfangaskýrslu er kynjasjónarmið aðgerðaráætlunar og kynjaáhrif greind. Greiningin leiddi í ljós að aðgerðir sem boðaðar eru í áætluninni skapa einkum störf á karllægum sviðum svo sem í landbúnaði og við véla- og tæknivinnu. Þær aðgerðir sem eru á forræði ráðuneytisins eru innleiðing viðskiptakerfis með losunarheimildir og fyrirkomulag fyrirhugaðs loftlagssjóðs, verkefni tengd aukinni skógrækt og landgræðslu og í þriðja lagi endurheimt votlendis.

Meginviðfangsefni ráðuneytisins eftir birtingu 1. áfangaskýrslu í KHF var að kynna niðurstöðurnar sem víðast. Með því eykst meðvitund á samhengi kynjasjónarmiða og loftslagsmála sem er eitt markmið verkefnisins. Einn mikilvægasti hópurinn sem niðurstöður voru kynntar fyrir var samstarfshópur um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem sér um framkvæmd og eftirfylgni aðgerðaáætlunarinnar. Í samstarfshópnum sitja fulltrúar þeirra ráðuneyta sem hafa forræði yfir einstökum aðgerðum áætlunarinnar. Samstarfshópurinn er ákvarðanatökuhópur og er það hópsins að kalla til sérfræðinga á ýmsum sviðum til þess að taka þátt í stefnumótum í málaflokknum. Niðurstöður 1. áfangaskýrslu leiddu í ljós að kynjahalli var mikill meðal þeirra sem mörkuðu stefnu aðgerðaáætlunarinnar þar sem 83% þeirra voru karlar og 17% konur. Hópurinn hefur ekki sett sér eiginlegt markmið um að bæta hlutfall kvenna meðal ráðgjafa en hópurinn er þó meðvitaður um kynjahallann og mun hafa að leiðarljósi að bæta úr honum og mæla reglubundið kynjahlutfallið... Annar mikilvægur fræðslufundur var haldinn fyrir starfsfólk umhverfis- og auðlindaráðuneytisins auk fleiri kynninga víða í stjórnkerfinu.

Sett voru fram jafnréttismarkmið fyrir sex aðgerðir í 1. áfangaskýrslunni og átti eftir að setja markmið fyrir fjórar aðgerðir. Þær aðgerðir, þ.e.:

- aðgerð 1: Innleiðing viðskiptakerfis með losunarheimildir,
- aðgerð 6: Notkun lífoldsneytis á fiskiskipaflotann,
- aðgerð 7: Rafvæðing fiskimjölsverksmiðja og
- aðgerð 9: Endurheimt votlendis,

hafa nú fengið það jafnréttismarkmið að stuðla að efnahagslegu jafnræði karla og kvenna. Innleiðing viðskiptakerfis gæti leitt til hækkunar flugfargjalda og því hefur aðgerðin meiri áhrif á konur en karla því konur eru að jafnaði tekju- og eignaminni en karlar og því hafa verðhækkanir meiri áhrif á þær. Hinar aðgerðirnar þrjár eru atvinnuskapandi á karllægum sviðum og því mikilvægt að skapa störf á kvenlægum sviðum til að stuðla að efnahagslegum tækifærum og efnahagslegu jafnræði kynjanna.

Aðgerðir

Ákveðið hefur verið að ráðast í frekari kynjagreiningar innan ráðuneytisins til þess að finna leiðir til að jafna út þann kynjahalla sem kom í ljós í 1. áfangaskýrslu verkefnisins, þ.e. að fjármunir til verkefna fara til karllægra sviða eins og t.d. til landbúnaðar (skógræktar og landgræðslu). Mögulega væri hægt að finna verkefni innan þessa sviðs þar sem konur starfa að, líkt og í skógræktarverkefnum og athuga

hvort stuðningur til verkefna kvenna væri mögulegur. Grundvöllur þess er þó að bæta upplýsingaöflun um stöðu mála áður en aðgerðir eru skilgreindar, t.d. til að jafna hlut kvenna í skógrækt.


Aðgerðir fyrir 3. áfanga verkefnisins:

| Jafnréttismarkmið | Kynjasjónarmið | Aðgerðir | Fjármögnun | Mælikvarðar og ávinningur |
|--|--|---|------------|--|
| Að stuðla að efnahagslegu jafnræði kvenna og karla | Að skapa störf á kvenlægum starfssviðum til jafns við störf á karllægum sviðum | Athuga hvort hægt sé að styrkja konur sérstaklega til skógræktar- og landgræðslu verkefna . | | Ef fjölgun verður í styrkjum til kvenna í skógrækt og landgræðslu er stuðlað að jafnræði kynjanna í efnahagslegu tilliti |
| Að tölfræði sé greind eftir kyni | Að tryggja kyngreindar upplýsingar | Hafa eftirlit með því að aðilar tengdir aðgerðum í loftslagsmálum haldi kynjabókhalda | | Mikilvægt að hafa kynjagreindar upplýsingar í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð |

Almenn innleiðing á verklagi KHF í UAR

Innan umhverfis- og auðlindarráðuneytisins hefur verið rætt um að stefna að því að kynjagreina í framtíðinni þær stefnur og áætlanir sem eru á forræði ráðuneytisins. Í því skyni var tekin ákvörðun um kynjagreina tvær stefnur ráðuneytisins á vinnslutíma þeirra, þ.e. áður en þær voru settar. Annars vegar er um að ræða „Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024“ sem ráðherra gefur út á grundvelli laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og hins vegar „Stefna um vistvæn innkaup ríkissjóðs“. Þetta var gert óháð verkefninu um meginmálaflokk ráðuneytisins og kom teymið sem slíkt ekki að þessum greiningum heldur þeir sem ábyrgð bera á að vinna þessara stefna. Niðurstöður þeirra kynjagreiningar eru engu að síður settar fram í upplýsingaskyni íviðauka við þessa áfangaskýrslu. Vonast er til að þetta verði áður en langt um líður almennt verklag í ráðuneyti þannig að í framtíðinni verði allar stefnur og áætlanir ráðuneytisins, sem og frumvörp kynjagreind.

Reykjavík þann 21. Júní 2013



Nafn verkefnisstjóra

Verkefnisstjóri og ábyrgðaraðili í umboði ráðuneytisstjóra

Eigandi verkefnisins staðfestir með undirskrift sinni að hafa kynnt sér áfangaskýrsluna, framvindu verkefnisins og næstu skref:



Nafn eiganda verkefnis

Starfsheiti

Viðauki

1. Stefna um vistvæn innkaup ríkisins- kynjagreining

Þegar rætt er um loftslagsbreytingar í norrænu samhengi þarf að gera innkaup og neyslu að miðlægu viðfangsefni þar sem Norðurlöndin er það svæði í heiminum þar sem hlutfallsleg neysla er hvað mest¹. Á síðustu árum hefur vægi umhverfisverndar aukist til muna og sífellt meiri áhersla hefur verið lögð á að efla aðgerðir sem stuðla að sjálfbærri þróun. Einn þáttur í því er að auka vægi vistvænna innkaupa og í Innkaupastefnu ríkisins frá 2008 segir m.a. að markmiðið með öllum innkaupum skuli vera að minnka umhverfisáhrif opinberra innkaupa og að „þeir sem ann[ist] innkaup af hálfu ríkisins skulu vinna út frá því að besta mögulega niðurstaða fái að teknu tilliti til kostnaðar, tíma og ávinnings“².

Ríkisstjórn Íslands samþykkti nýstefnu um vistvæn innkaup í apríl 2013. Kynjagreiningin sem hér fer á eftir tekur til eldri stefnu, frá 2009 sem nú er að líða undir lok en verður jafnframt grunnur að stefnu um vistvæn innkaup ríkisins sem tók gildi í apríl sl.

Stefnumótun og ákvarðanatöku

Ríkið leitaði eftir samstarfi við sveitarfélög um að mynda stýrihóp um vistvæn opinber innkaup sem hefði það hlutverk að vinna að sameiginlegum verkefnum sem styddu innkaupin. Í stýrihópnum sátu fulltrúar umhverfis- og auðlindaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og sveitarfélaga (Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga). Kynjahlutfall við myndun hóps var eftirfarandi: Í hópnum sátu 1 kona og 4 karlar, formaðurinn var kona. Auk þess var starfsmaður hópsins kona, alls 2 konur og 4 karlar, eða 33% konur og 67% karlar. Stýrihópin má skilgreina sem stefnumótunaraðila ásamt þeim sérfræðingum sem hópurinn kallaði til við að móta stefnuna. Einnig var myndaður vinnuhópur um vistvæn innkaup ríkisins sem fór með framkvæmd stefnunar og vann hann náð með stýrihópnum. Vinnuhópurinn vann að verkefnum og ráðgjöf við innleiðingu vistvænna innkaupa hjá ríkisstofnunum. Þennan hóp er hægt að skilgreina sem ákvarðanatökuaðila, þótt báðir hópar falli að einhverju leyti báðir undir þá skilgreiningu að vera stefnumótunar- og ákvarðanatökuaðilar. Í vinnuhópnum sátu fulltrúar fjármálaráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Allir 3 aðilar vinnuhópsins voru konur.

Við endurskoðun stefnunnar 2013 hefur einn stýrihópur starfað og mun sá hópur starfa áfram að framkvæmd og eftirliti endurskoðarar stefnu, sem tekur gildi 2013. Í þeim stýrihópnum sitja 4 konur og 3 karlar og er starfsmaður hópsins kona, alls 5 konur og 3 karlar.

Það hefur því nokkuð kynjablandaður hópur komið að stefnumótun og ákvarðanatöku við myndun stefnu vistvænna innkaupa ríkisins. Upphaflegi stýrihópurinn var að meirihluta skipaður körlum, vinnuhópurinn var einungis skipaður konum og eini hópurinn sem nú er starfandi er skipaður konum að meirihluta. Út frá sjónarmiði jafnréttis mætti kynjablanda betur í hvern hóp fyrir sig svo sjónarmið beggja kynja fái að heyrast á sama tíma.

Í kynjagreiningunni voru eftirfarandi spurningar hafðar til hliðsjónar:

¹ Sjá: www.equalclimate.org/en/consumption/

² Stefna um vistvæn innkaup ríkisins 2009, bls. 2.

- 1) Snertir stefnan bæði karla og konur?
- 2) Hentar stefnan jafnt konum sem körlum? (bæði stefnan sjálf og leiðin að markinu)
- 3) Skiptist árangur stefnunnar með jöfnum hætti milli kynjanna? (Stuðlar vistvæn innkaupastefna ríkisins að jafnrétti kynjanna?)

Megininntak stefnunnar ber ekki með sér kynjað yfirbragð. Um er að ræða áherslu á fræðslu bæði til almennings og ríkisstarfsmanna, þróun verklags fyrir vistvæn innkaup og að útbúa mælikvarða og fylgja stefnunni eftir. Stefnan miðar að því að lágmarka umhverfiskostnað til ávinnings fyrir alla borgara landsins. Að því leyti hefur stefnan jákvæð áhrif bæði fyrir konur og karla og snertir lífstíl allra. Í þriðja áfanga verkefnisins verður fyrirkomulag innkaupa fyrir hönd ríkisins, skoðað nánar og aðgerðir skilgreindar.

Kynjuð innkaup/neysla

Samkvæmt rannsókn sem gerð var fyrir Efnahags- og framfarastofnunina³ (OECD) árið 2008 er munur á neyslu karla og kvenna. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom í ljós að konur sjá um 80% af innkaupum til heimilisins. Einnig eru þær líklegri en karlar til að kaupa ódýrar vörur líkt og matvæli, fatnað og smærri hluti til heimilisins. Þetta rímar við norrænar kannanir sem einnig hafa leitt í ljós að á heildina litið kaupi konur meira en karlar þótt þær noti ekki endilega allt það sem þær kaupa sjálfar⁴. Karlar nota aftur á móti meira en 80% af innkomu heimilanna og eru líklegri til að fjárfesta í dýrari hlutum. Þar að auki ferðast karlar meira og nota flugsamgöngur í meira mæli en konur.

Innkaup ríkisins - kynjagreining

Haft var samband við tæplega 200 ríkisstofnanir⁵, þ.m.t. ráðuneyti, og stjórnendur þeirra beðnir um að skilgreina hverjir færu með innkaup stofnunarinnar, þ.e. kyngreindar upplýsingar. Óskað var eftir því að gerður yrði greinarmunur á ábyrgðaraðilum og hugsanlega öðru starfsfólki innkaupadeilda. Sendur var út tölvupóstur til 192 ríkisstofnanna og ráðuneyta og svöruðu 136 stofnanir fyrirspurninni⁶. Svarhlutfallið var því 72%. Ekki voru skilgreindir ábyrgðaraðilar hjá öllum stofnunum heldur einungis þeir sem t.d. höfðu innkaupakort. Í ljós kom að skiptingin er ekki jöfn milli kynja þegar kemur að innkaupastjórum (ábyrgðaraðilum) en þar eru konur í meirihluta, eða 56% og karlar 44%. Þetta telst ekki mikill munur en ef tekið er tillit til þess að karlar eru mun oftari í ábyrgðarstöðum en konur og á fámönnum stofnunum var forstöðumaður stofnananna oftari en ekki ábyrgðaraðili innkaupa, má segja að hlutfall kveninnkaupastjóra lækki. Kynjablöndunin var nánast jöfn meðal annars starfsfólk sem sá um innkaup fyrir stofnanirnar eða 51% konur og 49% karlar. Greinilegur kynjamunur kom aftur í ljós þegar nánar var rýnt í verkaskiptingu innan stofnananna en undantekningarlaust voru það karlar sem fóru með umsjón og ábyrgð fasteigna/húsnæðis og keyptu inn vörur og þjónustu í því sambandi, líkt og viðgerðir og viðhald, húsgögn, tölvubúnað o.þ.h. Einnig var áberandi að konur voru í lang flestum tilfellum ábyrgar fyrir innkaupum á skrifstofuvörum sem telja má til smærri innkaupa stofnanna í flestum tilfellum.

³ Sem Ísland er aðili að.

⁴ *Gender and sustainable development. Maximizing the economic, social and environmental role of women.* 2008. Tilvísun á slóðinni: www.equalclimate.org/en/consumption

⁵ Sjá lista á heimasíðu fjármálaráðuneytisins:

http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/utgafa/Postfangalisti_forstodumanna_17012013.pdf

⁶ Sendur var áminningarpóstur til þeirra stofnana sem ekki svöruðu en ekki brugðust allar stofnanir við honum. Í tveimur tilvikum var sami aðili í forsvari fyrir innkaup hjá tveimur mismunandi stofnunum svo segja má að stofnanirnar hafi verið 190 talsins. Tekið er tillit til þess þegar svarhlutfall var reiknað út.

Annað kynjamynstur mátti greina í svörunum frá stofnununum. Þar sem karlar eru í meirihluta á vinnustað eru karlar innkaupastjórar og öfugt: þar sem meirihluti starfsmanna eru konur eru konur einnig í starfi innkaupastjóra. Sem dæmi má nefna er engin kona sem kemur að innkaupum hjá Vegagerðinni af þeim 11 starfsmönnum sem þar fara með innkaup, en karlar eru 85% starfsmanna Vegagerðarinnar. Annað dæmi eru framhaldsskólarnir þar sem konur eru í meirihluta starfsliðs og þar sjá konur einnig meira um innkaup en karlar. Héraðsdómstólar og sýslumannsembættin voru einnig með hlutfallslega fleiri konur í innkaupum en aðrir starfsgeirar.

Þessi kynjamunur er í samræmi við þær erlendu rannsóknir sem vísað er til hér að framan, þ.e. að karlar sjá yfirleitt um kaup á stærri og dýrari hlutum á meðan konur sjá frekar um smærri innkaup en umfang þeirra er meiri. Karlar hafa því yfir meira fjármagni að ráða við innkaup en konur.

Stefnan getur hentað bæði konum og körlum þar sem bæði kynin fara fyrir innkaupum á vegum ríkisins. Þar sem rannsóknir sýna að konur velja frekar umhverfisvænar vörur en karlar⁷, mætti leggja á það sérstaka áherslu á vinnustöðum þar sem karlar eru í meirihluta að fræða bæði innkaupastjóra (sem væru líklega karlar) og starfsfólk sérstaklega um hagkvæmni og mikilvægi vistvænna innkaupa.

Sú leið sem farin hefur verið og mun áfram verða í gildi er fræðsla til starfsfólks, sérstaklega þeirra sem sjá um innkaupin. Í þriðja áfanga verða skilgreindar aðgerðir er miða að því að auka fræðslu, með sérstakri áherslu á vinnustöðum þar sem karlar eru í meirihluta.

Til umhugsunar

Í endurskoðun á vistvænun innkaupum frá 2009 er lögð áhersla á þá fyrirmynd sem ríkisstofnanir eru í samfélaginu hvað varðar vistvæn innkaup. Dæmi um það er ein þeirra aðgerða úr Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem ráðast átti í (aðgerð nr. 4); að ríki og sveitarfélög eiga að vera fyrirmyndir í því að skipta út eldri bifreiðum fyrir umhverfisvænar bifreiðar. Í ljós kom að Reykjavíkurborg, sem hafði staðið sig best af öllum sveitarfélögum og í samburði við ríkisstofnanir í þeim efnum, hafði skipt 70% þeirra bíla sem skipt hafði verið út á sviði Heimabjónustu borgarinnar, þar sem 97% starfsmanna eru konur. Umhverfisávinningur þessarar útskiptingar er óvæðingalegur. Samþætta verður mörg sjónarmið og í tilfalli vistvænna innkaupa er vert að hafa í huga að það verði ekki aðeins kvennavinnustaðir sem taki á sig breytingar sem krefst meiri vinnu af hendi starfsfólks. Dæmi um þetta getur verið að skipta út pappa- og plastglösum fyrir bolla á vinnustað.

Stefna stjórnvalda um vistvæn innkaup stuðlar í sjálfri sér ekki að jafnrétti kynjanna en getur átt þátt í því að jafna út þann mun sem er til staðar á verkaskiptingu kynjanna með því að leggja áherslu á að karlavinnustaðir taki jafnt þátt í að innleiða stefnuna og kvennavinnustaðir og að fræða karla sérstaklega um vistvæn innkaup og vistvænan lífsstíl.

Jafnréttismarkmið stefnunnar gæti verið að bæði kynin geti lagt jafnt að mörkum til vistvænna innkaupa ríkisins. Í þriðja áfanga verður unnið áfram með að kyngreina gögn tengd vistvænum innkaupum og aðgerðir skilgreindar.

⁷ www.equalclimate.org/en/consumption

2. Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024.

Úrgangur er afleiðing neysluvenja og lífstíls íbúa. Markmið íslenskra stjórnvalda í úrgangsmálum eru tvíþætt, annars vegar eru markmið bundin í lög og hins vegar er um að ræða stefnumótun stjórnvalda hverju sinni, án þess að vera lögbundin. Í „Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024“ er greint frá stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum og þeirri framtíðarsýn sem stjórnvöld setja fram í þessum málaflakki. Stefnan getur haft áhrif á neyslumynstur og lífsstíl almennings og á rekstur fyrirtækja og stofnana og því mikilvægt að kanna hvort stefnan hafi sömu áhrif á konur og karla enda hefur verið sýnt fram á að hegðunarmynstur kynjanna er ólíkt og því hafa konur og karlar mismikil áhrif á ýmsa unhverfisþætti t.d. sviði samgangna.

Í landsáætluninni er fjallað um meðhöndlun úrgangs í meðförum einstaklinga/heimila og fyrirtækja og stofnana. Stefnan boðar aukna flokkun úrgangs fyrir alla aðila og auknar álögur vegna meðhöndlunar úrgangs og er því mikilvægt að kanna hvaða áhrif stefnan hefur á konur og karla.

Í áætluninni er á nokkrum stöðum talað um að þær aðgerðir sem boðaðar eru eigi eftir að skapa störf. Í áætluninni segir t.d.: „Í skýrslunni um græna hagkerfið er stuttur kafli um úrgangsmál, þar sem m.a. kemur fram að í úrgangi liggja mörg tækifæri til grænnar atvinnusköpunar, þ.á m. í endurvinnsluiðnaði“. Þá er sagt frá því í áætlunni endurvinnslustöð sem mun rísa á Grundartanga árið 2013 og er gert ráð fyrir að 20 ný störf skapist með tilkomu hennar.

Ef brugðið er upp kynjaðri mynd af starfsvettvangi úrgangsmeðhöndlunar og endurvinnslu kemur í ljós að um karllægan starfsvettvang er að ræða. Kynjahlutfall starfsfólks hjá stærstu fyrirtækjunum á Íslandi er eftirfarandi:

| | Starfsfólk alls | Karlar | % | Konur | % | Framkvæmdastjóri |
|------------------------------------|-----------------|------------|------------|----------------|------------|------------------|
| Hringrás hf. ⁸ | 15 | 12 | 80% | 3 | 20% | Karl |
| Endurvinnslan hf. | 20 | 15 | 75% | 5 ⁹ | 25% | Karl |
| Sorpa bs. | 101 | 74 | 73% | 27 | 27% | Karl |
| Íslenska gámafélagið ¹⁰ | 223 | 195 | 87% | 28 | 13% | Karl |
| Samtals | 359 | 296 | 82% | 63 | 18% | |

Starfandi sorpbrennslustöðvar á Íslandi í byrjun ársins 2013 eru tvær, Kalka á Suðurnesjum og Sorpsamlag Þingeyinga á Húsavík. Starfsmenn beggja stöðva eru allir karlmenn.

Með atvinnusköpun í aukinni úrvinnslu úrgangs og endurvinnslu, eins og boðað er í landsáætluninni, má því ætla að verið sé að skapa störf einkum fyrir karla. Vikið er beint að atvinnusköpun í landsáætluninni á nokkrum stöðum þar sem atvinnuskapandi aðgerðir eru boðaðar¹¹. Um er að ræða launuð störf. Í einstaka úrgangsflokki má einnig sjá að einhver atvinnusköpun muni eiga sér stað, t.d.

⁸ Upplýsingar fengnar á heimasíðu fyrirtækisins í mars 2013.

⁹ Af starfsheitum að dæma starfa 4 af 5 konum á skrifstofu fyrirtækisins.

¹⁰ Upplýsingar fengnar frá starfsmannasviði fyrirtækisins.

¹¹ Sjá t.d. bls 10, bls. 25-6 og bls. 49.

varðandi fiskúrgang. Þar gætu störf aukist við flutning efnisins, fullnýtingu afurðanna, nýsköpunar (t.d. hönnunar með roð) o.fl. Óhætt er að fullyrða að flutningur á landi sé karllægur starfsvettvangur sem og nýsköpun á sviði sjávarútvegs. Hönnun ýmiss konar er aftur mjög kynjablandaður starfsvettvangur og gæti því borið með sér atvinnutækifæri fyrir konur líka.

Bent var á það í 1. áfangaskýrslunni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð að meginbyrði ólaunaðra heimilis- og umönnunarstarfa væri á herðum kvenna. Auk þess var sýnt fram á að konur eru bæði eigna- og tekjuminni en karlar. Með auknum kröfum til einstaklinga og heimila á sviði úrgangsflokkunar er verið að auka tíma fólks í heimilisstörf sem lendir frekar á konum en körlum. Skoða þarf sérstaklega hvort tilefni sé til að auðvelda aðgengi fólks að endurvinnslustöðvum.

Varðandi kostnað almennings og fyrirtækja við að losa sig við úrgang má leiða að því líkum að kostnaðurinn gæti hækkað. Í úrgangslöggjöfinni er talað um framleiðendaábyrgð sem vekur upp spurningar um hvort framleiðendur eigi eftir að hækka verð á sínum vörum til að mæta kostnaði vegna þessarar ábyrgðar. Einnig gætu útgjöld t.d. til heimila og búa hækkað vegna aukins flutningskostnaðar á úrgangi frá heimilum og bújörðum. Aukinn kostnaður heimila vegna flokkunar og að losa sig við úrganginn hafa frekar neikvæð áhrif á konur en karla þar sem þær eru tekju- og eignaminni en þeir. Í „Landsáætlunin um meðhöndlun úrgangs 2013-2024“ er einnig minnst á að kostnaður við urðun muni fara hækkanði á komandi árum sem vekur upp þær spurningar hvort sveitarfélögin munu auka álögur sínar á íbúana sem einnig hefur meiri áhrif á konur en karla vegna tekju- og eignamunar kynjanna.

Ef litið er til heildarmyndar úrgangsmála á Íslandi eru megin niðurstöður kynjagreiningarinnar þær að aðgerðirnar sem boðaðar eru í „Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024“ skapi launuð störf á karllægum starfssviðum á meðan byrðar ólaunaðra heimilisstarfa aukast í einhverjum mæli, þ.e. aukin ólaunuð vinna fyrir konur. Aukinn kostnaður við að losa sig við úrgang og koma endurvinnanlegum efnum til endurvinnslu mun líka hafa meiri áhrif á konur, þar sem konur sinna heimilisstörfum frekar en karlar.